

## Efni: Fundur umhverfisnefndar Pelamerkurskóla 25. janúar 2011

Mættir voru þeir fulltrúar nefndarinnar sem eru Diðrik Kristjánsson, Bryndís Sóley Gunnarsdóttir, Benedikt Stefánsson, Bergur Stefánsson, Hildur Helga Logadóttir, Karl Stefánsson, Sverrir Haraldsson húsvörður, Unnar Eiríksson aðstoðarskólalastjóri, Sigríður Guðmundsdóttir iðjupjálfi og fulltrúi foreldra Sigríður Svavarsdóttir Auðnum og Sesselja Ingólfssdóttir fulltrúi starfsfólks.

Sigríður setti fund og bauð fólk velkomið. Markmið fundarins var að kynna fyrir fundarmönnum markmið í grænfánans fyrir skólaárið 2010 – 2011. Markmiðin sem sett eru fyrir þetta skólaár tengjast flokkunum; Meðhöndlun á rusli, Umgengni og nánasta umhverfi, Orka og vatn og Kynning og menntun.

### Þessi markmið eru:

- Jarðgera allan lífrænan úrgang sem kemur frá skólanum. Þessi vinna er komin í gang og gengur vel. Nemendur skiptast á um að fara með lífræna úrganginn í moltukassann.
- Rækta berjarunna sem nemendur og kennarar setja niður í haust.
- Nemendur fá kynningu á vernduðum og friðlýstum svæðum í nágrenninu, má þar nefna Jónasarlund, Hraun, Gásir, Möðruvelli og Fornhaga og búi til yfirlitsmyndir af þessum stöðum. Hugmyndir um að þetta verði þemavinna, byrjað á þessu í mars, og gert verði veggglíkan.
- Skipuleggja hreinsunardag á vorin fyrir hvern samkennsluhóp, þannig að allir séu ekki að gera það sama. Undirbúningsnefnd setjur upp skipulag í mars/apríl.
- Fræða nemendur, foreldra og aðra um moltugerð með því að setja fræðsluefni um það að heimasíðu skólans. Þetta hefur verið gert.
- Nemendur í samvinnu við myndmennta- og smíðakennara skólans búa til skilti á bílastæðum skólans þar sem bílstjórar eru beðnir um að drepa á vélinni á með beðið er.
- Setja upp handþurrkara á salernum í stað pappírs. Búið að kaupa þurrkarana en eftir að setja þá upp. Það verður gert fljótlega.
- Setju upp fræðandi áminningar um vatns-, pappírs- og ljósanotkun á viðeigandi stöðum t.d. hjá vöskum, handþurrkum og slökkvurum.
- Hafa umfjöllun um umhverfisvernd á bekkjarfundum einu sinni á haustönn og þrisvar sinnum á vorönn. Umhverfisnefnd setur upp hugmyndalista að umræðuefnum fyrir stjórnendur fundanna. Rætt á bekkjarfundum í febrúar, mars og apríl.  
Umræðuefni 1; fara yfir markmið skólaársins með nemendum. Síðan hægt að spyrja nemendur t.d. hvað þeim finnst um þau, hvort þau haldi að við náum þeim. Hugmyndir að markmiðum fyrir næsta ár, segja þeim hvaða markmiðum hefur verið nú þegar náð.  
Umræðuefni 2; Af hverju viljum við vera umhverfisvæn? Velta fyrir okkur af hverju við erum t.d. að flokka, af hverju þurfum við að spara rafmagn og vatn þegar er nóg af því, hvernig hefur mengun áhrif á umhverfið, hvað er mengun.  
Umræðuefni 3; moltugerð. Góðar upplýsingar um það á heimasíðunni okkar. Einnig gott að ræða við þau um að vanda sig að flokka rétt í matsalnum og hugsa vel um moltutunnuna sína í stofunni.
- Setja stutt heilræði um umhverfisvernd á heimasíðu skólans og á dagskrá mánaðarins
- Unnið að því að skrá niður formlega umhverfisstefnu skólans.

Búið er að setja þessi markmið upp á vegg niðri við inngang.

### Fleira ekki gjört

Unnar Eiríksson fundarritari.